

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1995

Nr. 520

1273

25. september 1995

AUGLÝSING

um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987 hafa gjöld vegna námskeiðs sem haldið verður á seinni árshelmingi 1995 verið ákveðin þessi:

Kennslugjald f. II. námskeiðshluta kr. 95.000
(innritunar- og prófgjald innifalið)

Prófgjald II. námskeiðshluta kr. 20.000
(fyrir þá sem hvorki fá námsgögn né sitja námskeið)

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1995.

F. h. r.
Jón Thors.

Sigrún Jóhannesdóttir.

Nr. 521

26. september 1995

REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð um veitingu
lækningaleyfis og sérfræðileyfa nr. 311/1986.**

1. gr.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein sem verður 1. gr. a. svohljóðandi:

Til þess að læknir geti átt rétt á að öðlast almennt heimilislækningaleyfi (Evrópulæknaeyfi) skal hann hafa lokið viðbótarnámi sem greinir í 2. mgr.

Læknir skal að afloknu kandidatsári skv. 1. gr. hafa unnið a.m.k. 12 mánuði sem læknir á viðurkenndri heilbrigðisstofnun. Þar af skal hann hafa unnið a.m.k. sex mánuði undir handleiðslu heimilislænis eða á H2 heilsugæslustöð. Nýta má starfstíma á H2 heilsugæslustöð á kandidatsári til þess að uppfylla kröfu um sex mánaða starfstíma á heilsugæslustöð. Heildarstarfstími að afloknu kandidatsári skal þó aldrei vera skemmri en 12 mánuðir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. læknalaga nr. 53/1988, með síðari breytingum, sbr. tilskipun 93/16/EBE öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.
Gutenberg